



Varmahlíðarskóli óskar eftir starfsmanni í samsett starf skólaritara og bókavarðar

Upphaf starfs:	1. ágúst 2021.
Starfsheiti:	Skólaritari II og bókavörður II.
Starfshlutfall:	90% starfshlutfall alls.
Lýsing á starfinu:	Skólaritari hefur umsjón með skrifstofu skólans sem þjónustar nemendur og starfsfólk og er tengill milli skóla og heimilis. Skólaritari annast daglega afgreiðslu, símaavörslu og heldur utan um skráningar. Hefur umsjón með nemendaskrá og skjalavörslu. Bókavörður sinnir almennri afgreiðslu vegna útlána á safnkosti bókasafns, raðar í hillur, merkir og plaster bækur og leiðbeinir um safnkost. Í starfi skólaritara og bókavarðar felast samskipti við fjölmarga aðila skólasamfélagsins og viðkomandi tekur þannig þátt í því uppeldisstarfi sem fram fer innan skólans.
Hæfniskröfur:	Stúdentspróf eða sambærilegt nám sem nýtist í starfi. Reynsla af skrifstofustörfum er kostur. Faglegur metnaður og áhugi á að starfa í skapandi og metnaðarfullu umhverfi. Viðkomandi þarf að hafa: <ul style="list-style-type: none">• góða hæfni í mannlegum samskiptum,• vera jákvæður, traustur og samkvæmur sjálfum sér,• geta sýnt frumkvæði og umbyrðarlyndi við margvíslegar aðstæður,• hafa góða almenna tölvukunnáttu og gott vald á íslensku,• skipulagshæfni og að geta starfað sjálfstætt,• áhugi á bókum og bókalestri. Lögð er áhersla á gagnkvæma virðingu, háttvísi, stundvísi og áreiðanleika í starfi. Hreint sakavottorð skv. lögum um grunnskóla. Viðkomandi þarf að hafa náð 20 ára aldri.
Vinnutími:	Dagvinna.
Launakjör:	Laun og önnur starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við hlutaðeigandi stéttarfélag.
Umsóknarfrestur:	Er til og með 14. júní 2021.
Nánari upplýsingar:	Hanna Dóra Björnsdóttir, skólastjóri Varmahlíðarskóla, í síma 455-6023 eða hannadora@varmahlidarskoli.is .
Umsóknir:	Umsóknum er greina frá menntun og fyrri störfum, ásamt prófskírteini ef við á, skal skilað í gegnum íbúagátt sveitarfélagsins eða gegnum heimasíðu sveitarfélagsins, www.skagafjordur.is (laus störf). Áhugasamir einstaklingar, óháð kyni, eru hvattir til að sækja um. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Í Varmahlíðarskóla eru um 100 nemendur í 1.-10. bekk. Flestir nemendur skólans koma úr Varmahlíð og drefibýli í framanverðum Skagafirði. Varmahlíðarskóli leggur áherslu á faglegt og fjölbreytt starf. Nám er kjarni skólustarfsins og efling náms er meginviðfangsefni allra starfsmanna. Varmahlíðarskóli starfar sem heilsueflandi grunnskóli og leggur áherslu á velferð, hreyfingu og heilbrigða lífshætti. Skólinn starfar í anda Olweusaráætlunarinnar gegn einelti, hefur tileinkað sér aðferðir byrjendalæsis og markvissa notkun upplýsingatækni. Í verkgreinakenndu er áhersla lögð á endurnýtingu.